



Félags löggiltra endurskoðenda

HAUSTRÁÐSTEFNA 2016

Föstudag 28. Október á Grand Hótel Reykjavík

Ráðstefnustjóri: Íris Ólafsdóttir, endurskoðandi

- | | |
|---------------|--|
| 8:00 | Skráning hefst |
| 8:30 - 8:40 | Ráðstefnan sett
<i>Margrét Pétursdóttir, formaður FLE</i> |
| 8:40 – 9:45 | Light ahead after the crises?
Steinar Kvifte, Ernst & Young, Norway reflects on recent developments in the IFRS world. <i>Hann fjallar um stöðu og framtíðarhorfur IFRS staðlanna og gott ef hann minnst ekki á fjármálakreppuna líka.</i> |
| 9:45 – 10:00 | Kaffi |
| 10:00 – 11:00 | Vinnustofur lota 1 |
| 11:00 - 11:10 | Skiptitími |
| 11:10 - 12:10 | Vinnustofur lota 2 |
| 12:10 – 13:00 | Hádegisverður |
| 13:00 - 14:00 | Vinnustofur lota 3 |
| 14:00 | Aðalfundur FLE hefst strax að lokinni ráðstefnu í Gullteig |

Ráðstefnugjald er kr. 34.000 fyrir félagsmenn í FLE og starfsmenn endurskoðunarfyrtækja. Hádegisverður er innifalinn í verðinu.

Ráðstefnan gefur samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Allir þátttakendur fá tvær einingar í endurskoðun og síðan þrjár til viðbótar sem fer eftir vali á vinnustofum.

Vinsamlegast skráið þátttöku ykkar á vef Félags löggiltra endurskoðenda www.fle.is eigi síðar en kl. 12:00 þann 25. október. Að þeim tíma liðnum er ekki hægt að tryggja einstaklingsval á vinnustofum.

LÝSING Á VINNUSTOFUM

Vinnustofa 1: Nýjar áritanir og tilgreind lykilatriði í endurskoðun

Umsjón: Endurskoðunarnefnd FLE

Ein eining í endurskoðun

Lýsing á vinnustofu:

Fjallað um ISA 700 og 701.

Lögð verða fram drög að nýjum áritunum og rætt um lykilatriði í endurskoðun (KAM) sem ber að tilgreina í áritun.

Verkefni

Kallað verður eftir umræðum og tillögum frá þátttakendum.

Vinnustofa 2: Árangursrík liðsheild

Umsjón: Menntunarnefnd FLE, Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur

Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi

Lýsing á vinnustofu:

Á námskeiðinu verður farið yfir aðferðir sem efla liðsheild og samskiptafærni. Málín verða skoðuð út frá faglegum gildum. Farið verður yfir hvað það er sem einkennir hugarfar liðsmanna í árangursríkri liðsheild? Einnig eru skoðaðar leiðir til að byggja upp öflugan samskiptamenningu og gagnlegar venjur á vinnustað.

Verkefni

Hagnýtt verkefni verður lagt fyrir þátttakendur í lok vinnustofunnar.

Vinnustofa 3: IFRS 15 Innlausn tekna

Umsjón: Reikningsskilanefnd FLE Hjördís Ýr Ólafsdóttir og Hólmsteinn Ingi Halldórsson, endurskoðendur hjá KPMG

Ein eining í flokknum reikningsskil og fjármál

Lýsing á vinnustofu:

Farið verður yfir meginreglur reikningsskilastaðalsins IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2018. Fimm skrefa líkan staðalsins verður kynnt ásamt því sem lagt verður fyrir dæmi um útdelingu viðskiptaverðs. Fleiri dæmi verða lögð fyrir ef tími gefst til.

Verkefni

Stutt dæmi verður lagt fyrir til umræðu í hópum

Vinnustofa 4: Mögulegar umbætur á skattkerfinu

Umsjón: Skattanefnd FLE, Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs HÍ

Ein eining í skatta- og félagarétti

Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um tillögur verkefnisstjórnar innan Samráðsvettvangs um aukna hagsæld, en þær lúta að mögulegum umbótum á skattkerfinu. Tillögurnar snúast um almenna skatta, umhverfis- og auðlindagjöld og svo skattskil og eftirlit. Farið verður yfir forsendur, helstu tillögurnar og hugsanleg áhrif þeirra á lífskjör og hagsæld.

Verkefni

Stutt verkefni og umræða í hópum

Vinnustofa 5: Svindl og svínarí

Umsjón: Menntunarnefnd FLE, Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur og Bjarni Karlsson prestur, MA og doktorsnemi í siðfræði við HÍ

Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi

Lýsing á vinnustofu:

Algeng míta í samfélaginu er sú að endurskoðendur séu að hjálpa fyrirtækjum/einstaklingum við að komast hjá skattgreiðslum og er stéttin oft öll lögð undir í umræðunni. Hvernig á stéttin að mæta þessu viðhorfi, einstaklingar sem vinna eftir bestu getu og mega ekki vamm sitt vita? Hvernig á að svara fyrir sig? Á maður að vera í vörn? Hvernig kemst maður hjá því að taka svona umtal inn á sig?

Verkefni

Stutt verkefni og umræða í hópum ef tíminn leyfir.
